



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur 4. febrúar 2009

Ákvörðun nr. 4/2009

**Dagsektir vegna brota Teymis hf. á
ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009**

1.

Samkeppniseftirlitið tók ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2009 *Meint brot Teymis hf., Og fjarskipta ehf. og IP-fjarskipta ehf. á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 og ákvæðum samkeppnislaga* þann 26. janúar 2009. Í ákvörðunarorðum hennar kom fram að núverandi fulltrúar Teymis hf., þ.e. Þórdís J. Sigurðardóttir og Ólafur Þór Jóhannesson, skyldu víkja úr stjórn IP-fjarskipta ehf. (hér eftir Tals), eigi síðar en föstudaginn 30. janúar 2009. Jafnframt var lagt fyrir eigendur Tals að skipa óháða stjórnarmenn í stjórn félagsins í stað umræddra fulltrúa Teymis.

Með bréfi Teymis, dags. 27. janúar 2009, kom fram að Teymi teldi sig einungis geta farið að framangreindum fyrirmælum með því að hlutast til um að boðað yrði til hluthafafundar. Vísað var í einkahlutafélagalög og þess farið á leit við Samkeppniseftirlitið að það skýrði nánar hvernig stofnunin hyggðist framfylgja umræddum ákvörðunarorðum. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. janúar 2009, benti stofnunin á ákvæði 5. mgr. 63. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélag en þar segir að falla megi frá formreglum varðandi boðun hluthafafundar ef allir hluthafar sækja hluthafafund og eru sammála um það. Þá kom fram bréfinu að í samræmi við ákvörðunarorð ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009 bæri hluthöfum Tals að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að þeim væri framfylgt.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. janúar 2009, var Teymi sent erindi varðandi framkvæmd ákvörðunarorða. Í því kom fram að Samkeppniseftirlitið hefði undir höndum tölvupóst frá stjórnarformanni Tals, dags. 29. janúar 2009, en með honum var boðað til stjórnarfundar hjá Tali föstudaginn 6. febrúar 2009 þar sem á dagskrá yrði boðun hluthafafundar og dagskrá hans. Fyrir lægi jafnframt að ekki hefði verið boðað til hluthafafundar hjá Tali. Samkeppniseftirlitið benti á að fulltrúar Teymis ættu að víkja úr stjórn Tals eigi síðar en 30. janúar 2009 og að það væri í höndum hluthafafundar að framkvæma þann gjörning formlega. Þá væri það ljóst að aðrir hluthafar í Tali hefðu lýst því yfir að þeir væru reiðubúnir að falla frá formlegum boðunarfresti varðandi hluthafafund. Tekið var



fram að ekkert væri því til fyrirstöðu að Teymi uppfyllti þá skyldu sem hvílir á félaginu skv. nefndri bráðabirgðaákvörðun að víkja framangreindum einstaklingum úr stjórn Tals. Í kjölfarið tók Samkeppniseftirlitið fram að ef Teymi myndi ekki grípa til viðeigandi ráðstafana sem leiddu til þess að framangreindir einstaklingar færu úr stjórn Tals fyrir lok dags þann 30. janúar 2009 lægi fyrir að Teymi hefði gerst brotlegt við bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2009. Undir slíkum kringumstæðum kæmi til greina að Samkeppniseftirlitið beitti heimildum sínum skv. ákvæðum 37. og 38. gr. samkeppnislaga og legði á stjórnvaldssektir og/eða dagssektir á Teymi. Var Teymi veitt tækifæri á að tjá sig um framangreint.

Í athugasemdum Teymis, dags. 30. janúar 2009, kom m.a. fram að Teymi telji Samkeppniseftirlitið brjóta gegn andmælarétti félagsins. Telji félagið að andmælaréttur félagsins hefði ekki verið virtur að því er varðar hugsanlega beitingu stjórnvaldssekta og vísar í því sambandi í bréf Samkeppniseftirlitsins frá 29. janúar 2009. Ekki sé tilgreint nánar hvert sé eðli sektar eða upphæð hennar en áhrif og forsendur umræddra sektartegunda geti verið afar mismunandi að mati Teymis. Með sama bréfi fylgdi afrit af bréfi Teymis til stjórnarformanns Tals, Þórdísar J. Sigurðardóttur sem einnig er stjórnarformaður Teymis, þar sem Dóra Sif Tynes óskar fyrir hönd Teymis eftir því að boðað verði til hluthafafundar í Tali.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 2. febrúar 2009, benti eftirlitið á að fulltrúar Teymis í stjórn Tals, þ.e. Þórdís J. Sigurðardóttir og Ólafur Þór Jóhannesson, væru enn stjórnarmenn Tals. Þá lægi fyrir að stjórnarformaður Tals, Þórdís J. Sigurðardóttir sem er einnig stjórnarformaður Teymis, hefði boðað til stjórnarfundar í Tali þann 6. febrúar 2009 þar sem á dagskrá væri að ræða boðun hluthafafundar og dagskrá hans. Í bréfi eftirlitsins ítrekaði stofnunin að það væri ekkert því til fyrirstöðu að til hluthafafundar væri boðað í Tali með mjög stuttum fyrirvara þar sem aðrir hluthafar hefðu lýst því yfir að þeir féllu frá öllum formreglum varðandi boðun slíks fundar. Þannig óskaði Samkeppniseftirlitið eftir skýringum Teymis á því hvers vegna ákvörðunarorðum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009, um að núverandi fulltrúar Teymis í stjórn Tals skyldu víkja, hefði ekki verið framfylgt. Ítrekuð var sú afstaða Samkeppniseftirlitsins að til greina kæmi að beita heimildum Samkeppniseftirlitsins skv. ákvæðum 37. og 38. gr. samkeppnislaga um að leggja á stjórnvaldssektir og/eða dagssektir á Teymi vegna þessa. Var Teymi veitt tækifæri á að tjá sig um framangreint.

Í bréfi Teymis, dags. 3. febrúar 2009, var vísað til bréfs Samkeppniseftirlitsins þar sem óskað var eftir skýringum Teymis á því hvers vegna ákvörðunarorðum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009 hefði ekki verið framfylgt. Af hálfu Teymis var framangreindri fullyrðingu hafnað og vísað til þess að líkt og fram kom í bréfi Teymis til Samkeppniseftirlitsins, dags. 30. janúar 2009, hafði Teymi ritað bréf til stjórnarformanns Tals þann 29. janúar 2009 og óskað eftir boðun hluthafafundar. Teymi telur að félagið geti ekki að lögum einhliða vikið einstaklingum úr stjórn einkahlutafélags enda eingöngu hluthafafundur til þess bær að kjósa nýja stjórn. Með því að óska eftir því að hluthafafundur verði haldinn í Tali telur Teymi sig hafa uppfyllt skyldur sínar



samkvæmt bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2009. Þá ítrekaði Teymi athugasemdir sínar um að ómögulegt væri fyrir félagið að tjá sig um álagningu sekta þegar hvorki lægi fyrir hvers eðlis þær sektir kunni að vera, upphæð þeirra eða umfang.

2.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009 kemur fram það mat Samkeppniseftirlitsins að Teymi, Tal og Vodafone hafi sennilega brotið gegn ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008 *Samruni Teymis hf. og IP-fjarskipta ehf.* og ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Þá taldi stofnunin jafnframt að sennilegt væri að tiltekin ákvæði í samningi Tals og Vodafone um aðgang Tals að GSM farsímaneti Vodafone væru andstæð framangreindri ákvörðun og ákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins væri sennilegt að um væri að ræða alvarleg brot sem væru til þess fallin að raska samkeppni. Einnig taldi eftirlitið nægilega líklegt að bið eftir endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins gæti leitt til röskunar á samkeppni með þeim hætti að stöðu Tals yrði raskað. Þá taldi stofnunin einnig nægilega líklegt að Teymi væri í þeirri stöðu gagnvart Tali að samkeppnislegt sjálfstæði Tals væri fyrir borð borið og félagið hefði tækifæri til þess að stýra Tali og raska samkeppni. Líkur væru því á að Teymi gæti veikt Tal varanlega sem keppinaut á markaði. Taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að gripið yrði til aðgerða þegar í stað þar sem þær að öðrum kosti gætu komið of seint. Var í umræddri ákvörðun þeim fyrirmælum beint til Teymis að fulltrúar félagsins skyldu víkja úr stjórn Tals. Þess í stað skyldu skipaðir tveir óháðir einstaklingar tilnefndir af Samkeppniseftirlitinu. Með bréfi, dags. 29. janúar 2009, til eigenda Tals tilnefndi Samkeppniseftirlitið tvo einstaklinga til setu í stjórn Tals í stað fulltrúa Teymis.

Það liggur fyrir í máli þessu að fulltrúar Teymis í stjórn Tals, þ.e. Þórdís J. Sigurðardóttir og Ólafur Þór Jóhannesson, eru enn stjórnarmenn Tals. Af því leiðir einnig að þeir einstaklingar sem Samkeppniseftirlitið tilnefndi hafa ekki verið skipaðir í stjórn Tals. Eins og framan greinir er ekkert því til fyrirstöðu að til hluthafafundar sé boðað með mjög stuttum fyrirvara þar sem aðrir hluthafar hafa lýst því yfir að þeir falli frá öllum formreglum varðandi boðun slíks fundar.

Teymi telur sig hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009 með því að rita bréf til stjórnarformanns Tals og óska eftir hluthafafundi. Samkeppniseftirlitið hafnar þessari skýringu Teymis. Fyrir liggur að hluthafar í Tali, aðrir en Teymi, hafa fallið frá formreglum varðandi boðun hluthafafundar og lýst sig reiðubúna til að mæta á hluthafafund með klukkustundur fyrirvara, sbr. tölvupóstur Capital Plaza ehf. til stjórnarformanns Tals, dags. 29. janúar 2009. Einnig liggur fyrir að stjórnarformaður Tals, Þórdís J. Sigurðardóttir, er jafnframt stjórnarformaður Teymis. Í nefndu erindi Teymis til stjórnarformanns Tals var ekki óskað eftir því að boðað yrði til hluthafafundar innan þess frests sem gefinn var í bráðabirgðaákvörðuninni. Þá hefur Teymi ekki lagt fyrir viðkomandi stjórnarmenn í Tali, sem jafnframt eru á meðal stjórnenda Teymis, að tryggja að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nái fram að ganga. Engin gögn liggja fyrir þess efnis að þeir hafi að sínu leyti sagt sig frá stjórnarsetu, þvert á móti bendir fundarboð stjórnarformanns Tals til þess að þeir hyggist taka þátt í fundinum.



Ljóst er samkvæmt framangreindu að stjórnendur Teymis hafa á valdi sínu að hlutast til um efndir á fyrirmælum Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2009. Það hafa þeir hins vegar ekki gert. Telur Samkeppniseftirlitið því að Teymi hafi virt ákvörðunarorð ákvörðunar stofnunarinnar til bráðabirgða nr. 1/2009 að vettugi.

Sé ekki farið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins getur stofnunin með heimild í ákvæði 38. gr. samkeppnislaga lagt dagsektir á þann sem ákvörðun beinist að þar til farið verður að ákvörðuninni. Dagsektir eru þvingunarúrræði til þess að knýja fram efndir. Ákvörðun um töku dagsekta hefur því engin áhrif á mögulega beitingu stjórnvaldssektarheimildar ákvæða 37. gr. samkeppnislaga síðar.

Með vísan í framangreint liggur fyrir að Teymi hefur virt að vettugi umrædd fyrirmæli Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun til bráðabirgða nr. 1/2009. Í því skyni að knýja á um efndir framangreindra fyrirmæla telur eftirlitið óhjákvæmilegt að beita heimild ákvæðis 38. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um álagningu dagsekta vegna nefndrar vanrækslu Teymis. Verður tekin afstaða til beitingar ákvæðis 37. gr. samkeppnislaga vegna þessa brots síðar.

Ákvörðunarorð:

„Teymi hf. hefur ekki farið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009. Með heimild í ákvæði 38. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 leggur Samkeppniseftirlitið dagsektir á Teymi hf. Skal Teymi hf. greiða 3.000.000 kr. (þrjár milljónir króna) á dag þar til framfylgt hefur verið ákvörðunarorðum nefndrar ákvörðunar um að:

- 1. Núverandi fulltrúar Teymis hf. í stjórn IP-fjarskipta ehf., þ.e. Þórdís J. Sigurðardóttir og Ólafur Þór Jóhannesson, víki úr stjórn IP-fjarskipta ehf.**
- 2. Þeir einstaklingar sem Samkeppniseftirlitið tilnefndi með bréfi, dags. 29. janúar 2009, verði skipaðir í stjórn IP-fjarskipta ehf.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson